

Samþykkt

85
15. júní

um viðauka við samþykkt 6. júlí 1914 fyrir girðingarfelag Bræðratungusóknar í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefndin í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu hefir, samkvæmt girðingarlögum 22. nóv. 1913, gjört eftirfarandi viðbótarsamþykkt við samþykkt 6. júlí 1914 fyrir girðingarfelag Bræðratungusóknar.

1. gr.

Allir fjáreigendur í girðingarfelaginu eru skyldir til að reka allan fjenað sinn á afrjett á sumrin, nema nautgripi, tamin hross og fráfarðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fjenað heima, ef þeir hafa fjárhelda girðingu fyrir hann í sínu landi, og að öðru leyti getur stjórn girðingarfelagsins veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með.

2. gr.

Stjórn girðingarfelagsins ákveður, hvenær reka skuli fjenað á afrjett á sumrin, og jafnar niður tillögum fjelagsmanna til þess, eftir fjenaðarfjölda og ótaminna hrossa.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 15. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.